

Ed.

899. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 28. jan. 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá meiri hl. samgöngumálauefndar.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina komi: Sérleyfi skal eigi veitt til fastra áætluunarferða á heildarleiðum: Reykjavík—Gullfoss, Reykjavík—Geysir, Reykjavík—Reykjanesviti, og á sunnudögum Reykjavík—Þingvellir, en þó má veita sérleyfi á einstökum hlutum þessara leiða. Ráðherra getur ákveðið fargjöld á þessum leiðum. Veitt sérleyfi, sem kunna að koma í bága við ákvæði þessarar greinar, skulu hreyfast til samræmis við hana.
2. Á eftir 1. gr. frv. komi ný gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkv. því:
 3. gr. laganna orðist svo:

Til þess að gera tillögur til póstmálastjórnarinnar um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum skal vera 5 manna nefnd, er sé þannig skipuð: Atvinnumálaráðherra skipar einn, er sé formaður nefndarinnar, Alþýðusamband Íslands einn, Bifreiðastjórafélagið „Hreyfill“ í Reykjavík einn og sérleyfishafar kjósa tvo samkvæmt reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Nefndin skal kosin og skipuð til eins árs í senn, og í fyrsta sinn þegar lög þessi öðlast gildi.
3. Við 3. gr. Í stað „póstmálastjóra“ komi: nefndar þeirrar, sem um getur í 2. gr. þessara laga.